

Expected Emmision Data

Brand: Addfield

Equipment: TB-AB

Application: Equine Cremation

Below are the expected emissions from the Addfield TB-AB machines. Stack emission are resulting from cremation of horses. Operating at a nominal throughput of <50kg/hr, with a secondary after chamber in place with a minimum temperature of 850 deg.C

Parameter (EN)	Addfield
Particulate Matter	24mg/Nm ³
NO _x	194mg/Nm ³
SO _x	200mg/Nm ³
CO	12mg/Nm ³
Total VOC (As carbon)	0.6mg/Nm ³
Heavy Metals	0.05mg/Nm ³
HCl	1.04mg/Nm ³
HF	0.07mg/Nm ³

Sæll Sigurður

Í viðhengi eru upplýsingarnar sem við fengum frá framleiðandanum. Tölurnar koma frá brennslu hrossahræja.

Ég sé að umsagnir um málið hafa borist á meðan ég var í sumarfríi. Fáum við tækifæri til að bregðast við þessum umsögnum eða er ekki þörf á sérstökum viðbrögðum frá framkvæmdaraðila?

Kveðja,

Halla



Halla Kristjánsdóttir

From: Sigurður Ásbjörnsson - HMS

Sent: þriðjudagur, 28. júlí 2026 09:31

To: Halla Kristjánsdóttir

Subject: Hræbrennsla við Árnes

Sæl

Ég er að vinna við ákvörðun um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar hræbrennslu við Árnes. Á bls. 14 er tafla 1 sem sýnir áætlaða losun. En það vantar upplýsingar um það hvað er verið að brenna þegar þessi losun á sér stað.

Getur þú bætt úr því.

Kveðja / Best regards

Sigurður Ásbjörnsson

Sérfræðingur

Umhverfismat



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum umsagnaraðila við matsskyldufyrirspurn um brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar við Árnes

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
1	Umhverfis- og orkustofnun, dags. 10.7.2026	
1.1	„Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemin verður starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir en í starfsleyfum fyrir mengandi starfsemi eru m.a. gerðar viðeigandi kröfur um mengunarvarnir og vöktun losunar frá starfseminni. Niðurstaða Í samræmi við framangreint og með hliðsjón af umfangi, staðsetningu framkvæmdarinnar og fyrirhuguðum mengunarvörnum telur Umhverfis- og orkustofnun að hún sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“	Sótt verður um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar vegna brennsluofnsins.
2	Minjastofnun Íslands, dags. 10.7.2026	
2.1	„Undirritaður hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn. Engar þekktar fornleifar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði auk þess sem svæðið er mjög raskað af fyrri framkvæmdum. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.“	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.
3	Náttúrufræðistofnun, dags. 10.7.2026	
3.1	„Náttúrufræðistofnun fjallar í umsögn þessari eingöngu um þá umhverfisþætti sem falla undir verksvið stofnunarinnar, svo sem vistgerðir, fuglalíf og jarðmyndanir. Aðrir matsþættir framkvæmdarinnar eru því ekki til umfjöllunar í umsögninni. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru á framkvæmdasvæðinu mosamóavist og eyðihraunavist með lágt verndargildi. Framkvæmdasvæðið er jafnframt innan mikilvægs fuglasvæðis Suðurlandsundirlendisins. Svæðið er hvorki	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

	<i>innan friðlýsts svæðis né skilgreint sem náttúruminjar á náttúruminjaskrá. Það er hins vegar á Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 8.600 árum.</i> <i>Að mati Náttúrufræðistofnunar er framkvæmdin, að því er varðar vistgerðir, fuglalíf og jarðmyndanir, ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á náttúruverðmæti. Hún er fyrirhuguð innan þegar raskaðs athafnasvæðis og felur hvorki í sér rask á vistgerðum né er líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf. Þá telur stofnunin að framkvæmdin feli ekki í sér rask á hraunmyndunum, enda er hraunið á framkvæmdasvæðinu hulið jarðvegi og gróðri og svæðið þegar raskað.</i> <i>Náttúrufræðistofnun telur því, að því er varðar þá umhverfisþætti sem falla undir verksvið stofnunarinnar, að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sem kalli á mat á umhverfisáhrifum.“</i>	
--	--	--

4	Matvælastofnun, dag. 9.7.2026	
4.1	<i>„Í kafla 3.6 er tilgreint að brunaleifar sem til verða við brennslu dýraleifa verði endurnýttar efir því sem við á, svo sem í áburð. Vakin er athygli á að ösku sem fellur til við brennslu á CAT1 efnis má ekki nota sem áburð. Slíkar leifar verða að vera endurunnar til samræmis við viðeigandi löggjöf eða fargað á viðurkenndum urðunarstað. Í þessu tilliti er vísað í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis sem innleiðir reglugerðir (ESB) nr. 1069/2009 og nr. 142/2011 í íslenska löggjöf.</i> <i>Í kafla 3.11 eru talin upp þau leyfi sem afla þarf í tengslum við starfssemina. Vakin er athygli á að skrá þarf starfssemina hjá Matvælastofnun í samræmi við lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.“</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingar Matvælastofnunar. Ösku sem fellur til við brennslu úrgangs í áhættuflokki 1 (CAT1) verður fargað eða hún meðhöndluð í samræmi við gildandi reglur. Starfsemin verður jafnframt skráð hjá Matvælastofnun í samræmi við lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

5	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 8.7.2026	
5.1	<i>„Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Í umhverfismati kemur fram að umfang starfseminnar sé þess eðlis að ef í ljós kemur að hún sé til mikils ama að þá sé hægt að færa brennsluofn með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og</i>	Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

	<i>mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.“</i>	
--	--	--